

þeim tókum á náttúruöflunum, sem nauðsynleg eru til að geta afstýrt öllum voðatíðindum úr þeirri átt, og jafnvel beint þeirri jötunorku, sem í eldgosunum lýsir sér, þannig, að ekki sé framar til böls, heldur bóta.

6.—7. nóv. 1944.

29. Sólarupprás: Góð spá, sem er að byrja að rætast

I

Ritgerð, sem ég samdi fyrir 15 árum og lesa má í bók minni Ennýal, nefndi ég Sigurnánd. Svo nálægt virtist þá komið því, að þekkingarauki, sem öllu mannkyni riður hið mesta á, næði fram að ganga. Sú varð þó ekki raunin á. Mannlegur sljóleiki reyndist meiri en ég hafði gert ráð fyrir, og menn héldu áfram að skella skollaeyrunum við þeim sannleik, sem öllu mannkyni hefði getað orðið upphaf nýs og betra lífs. En nú loksins horfir vænlegar, og er ég las grein, sem heitir „Life in the Stars“ (Líf á stjörnunum) í „Light“ frá 19. jan. s. 1. (s. 39), varð mér nokkuð líkt við og ég liti fyrstu geisla upprennandi sólar. Grein þessa eða bréf hefir ritað frú Olive Gillespie. Vitnar hún í orð eftir mig í grein í sama blaði (Wonderful Possibilities) 12. jan., s. 28, og segir, að þau orð hafi studd verið af því sem gerðist á miðil-fundi í desember s. l., þar sem hún var viðstödd. Þar talaði rödd framliðins, utan við miðilinn, og sagði, að flokkur vísindamanna í öðru lífi, sem William Crookes, einn af ágætustu vísindamönnum sinnar samtíðar, hefir forustu fyrir, og samband hefir haft við frú Gillespie, æskti þess, að hún semdi með þeirra handleiðslu rit, sem ætti að heita „Lífið á stjörnunum“. Þvínæst segir hún, að komið hafi löng útskýring, sem að vísu virðist hafa verið nokkuð mis-skilin, eins og búast mátti við, en sem þó auðsjáanlega hefir verið tilraun til að skýra frá því, að framliðnir lífi lífi sínu á jarðstjörnum, og að samband milli lífsins á hinum ýmsu stjörnum (interstellar communication) geti átt sér stað. Segir frúin, að boðskapur þessi hafi komið öllum viðstöddum mjög á óvart, og verið fluttur af miklum krafti og skýrleik.

II

Þarna virðist þá loksins vera það sem gæti reynst upphaf mikilla tíðinda í þessu mikla máli. Það þarf ekki að efa, að íbúar annarra stjarna, sem miklu lengra eru komnir í þekkingu en vér hér á jörðu, hafa hinn mesta hug á því að styðja oss til að öðlast þá þekkingu sem ómissandi er, ef takast á að koma mannkyninu á sanna framfaraleið og bjarga því frá hinum yfirvofandi voða. Og þarna hefir á miðilsamkomu tekist að koma því skýrt í gegn, hvað það er sem hinir framliðnu vilja fá vitað og ritað. En nægilega gott samband við fullkomnari verur annarsstaðar í heimi mundi eigi einungis þýða það, að hinni yfirvofandi heimsstyrjöld yrði afstýrt, heldur mundi einnig af því leiða, á fáeinum áratugum, meiri breytingar til bóta á högum mannkynsins en orðið hafa áður, allt frá því á steinöld og til vorra tíma.

Í góðspánni sem ég gat um í Vísi 26. jan., var sagt, að á þessu ári mundi verða mjög þýðingarmikill þekkingarauki, og einnig, að kona mundi ávinna sér mikla frægð. En það má telja víst, að ef frú Gillespie tekst að rita bókina um lífið á stjörnunum, nokkurnvegin eins og til er ætlast, þá mun hún hljóta mikla frægð fyrir, og mjög að verðleikum.

31. janúar 1938.

EFTIRMÁLI

Mér virðist þessi frásögn af tilraun handanað til að afstýra heimsstyrjöldinni meiri, mjög eftirtektarverð. Bókin um lífið á stjörnunum, sem Crookes vildi fá ritaða, hefir ekki komið. Og nú fæst tímaritið, sem sagði frá þessu, ekki einu sinni til að birta grein, þar sem talað er um lífið eftir dauðann sem líf á stjörnunum (þ. e. öðrum jarðstjörnum). Og það sem nú er stefnt til er heimsstyrjöldin þriðja, sem mundi verða sú mesta. En þó er ég að vona ennþá, að breytt verði um stefnu, svo að þeirri voðaöld verði afstýrt. Líkur til þess sé ég þó, sem stendur, engar.

1. febr. 1947.